



Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 12 Dags. 28.04.2022

Fundarstaður: Végarður

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Lárus Heiðarsson varaformaður og Arna Björg Bjarnadóttir boðuðu forföll. Gunnþórunn Ingólfisdóttir varamaður Lárusar komst ekki og því tekur sæti Anna Jóna Árnarsdóttir. Gunnar Gunnarsson mætti í forföllum Örnú.

Dagskrá

1. Ársreikningar
2. Fjárhagsáætlun 2022
3. Önnur mál

Formaður stjórnar bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund.

1. Ársreikningar

Formaður fór lið fyrir lið yfir endurskoðaðan ársreikning frá KPMG. Reikningurinn var sendur með tölvupósti fyrir fundinn til fundarmanna. Vilyrði um úthlutaða styrkir ársins 2021 var 12.800.000 kr. Laun og launatengd gjöld miðast við nefndarlaun hjá Fljótsdalshrepp, nema hvað laun formanns, sem er starfsmaður Austurbrúar, fara frá sjóði yfir á verkefnið Fögur Framtíð í Fljótsdal, samkv. munnlegu samkomulagi þar um. Heildarútgjöld launa og launatengdra gjalda 666.206 kr. Annar rekstrarkostnaður eru útgjöld er tengjast auglýsingum og kynningum á sjóðnum sem og úthlutunarhátíð, alls 378.110 kr. Eignir alls 52.857.815 kr.

Nokkur umræða um reikningana og þá fjármuni sem settir voru til hliðar í Eignastýringu II hjá Íslenskum Verðbréfum.

Ársreikningurinn borinn upp til samþykktar. Stjórnarmenn samþykkja hann samhljóða og staðfesta með undirritun sinni.

2. Fjárhagsáætlun 2022

Forsendur kynntar en gert er ráð fyrir að sjóðurinn klárist 2025.

Huga þarf að því að breyta 10. gr. stofnskrár sjóðsins ef klára á úr sjóðnum á sex árum. Taka þarf afstöðu til þess fyrir næstu úthlutun og í tengslum við næsta ársfund.

3. Önnur mál

Verkefnastjóri kynnti stöðu ólokinna og lokinna verkefna árið 2020 og 2021.

Sjóðsstjórn samþykkir að þeir sem fengu styrk árið 2020 beri að klára þau verkefni með lokaskýrsluskilum fyrir 1. desember 2022, annars fellur styrkvilyrði niður og útborguð



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL

upphæð sett í innheimtu. Þetta mun eiga við um þau verkefni sem hlotið hafa styrki úr Samfélagssjóðnum og ekki skilað lokaskýrslum innan tveggja ára frá úthlutunarári.

Nokkur umræða um möguleika á því að bæta við fjármagni í sjóðinn.

Fundi slitið 16:30

ÁHBj ritaði

Undirritun fundargerðar

Ársfundur haldinn í framhaldi kl. 17:00. Átta einstaklingar mætti.

Formaður sjóðsstjórnar fór yfir ársreikning og fjárhagsáætlun ársins 2022.

Umræður.

- „Tap“ sjóðsins er að mati undarmanna rangnefni þar sem megin markmið sjóðsins er að deila út styrkjum og ætti því ekki að tala um tap í rekstrarreikningi sjóðsins.
- Rædd tækifæri í því að fá fjármuni inn í sjóðinn.
- Ábending um að láta fylgja ársskýrslu sjóðsins yfirlit yfir úthlutaða styrki.

JFP þakkaði formanni, verkefnastjóra og öðrum stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið 17:40



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL